

Sp.

175. Breytingartillögur

við till. til pál. um ráðstafanir til að bæta úr neytlumjólkurskortum.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

1. Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sala á mjólk, rafmagni og vatni til setuliðsins verði stöðvuð, meðan skortur er á þessum nauðsynjum meðal landsmanna sjálfra, þar sem salan fer fram.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að semja þannig við stjórn setuliðsins hér á landi, að það taki aldrei meira innlent vinnuafli í þjónustu sína en það, sem afgangur er frá þörfum innlendra atvinnuvega á hverjum tíma.

2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að bæta úr skorti innlendra neytluvara.